

Fimmtudaginn 30. desember 1993.

Nr. 13/1993.

**Vinnuveitendasamband Íslands
f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna**

(Jón R. Pálsson hdl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f.h. Sjómannasambands
Íslands vegna Sjómannafélags Reykjavíkur o.fl.**

(Arnmundur Backman hrl.)

Ólögmat vinnustöðvun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Landssambands íslenskra útvegsmanna, kt. 420269-0649, Hafnarholi v. Tryggvagötu í Reykjavík, vegna aðildarféлага þess.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Sjómannasambands Íslands, kt. 570269-2249, Borgartúni 18, Reykjavík, vegna Sjómannafélags Reykjavíkur, kt. 570269-1359, Reykjavík, Sjómannafélags Hafnarfjarðar, kt. 570269-2839, Hafnarfirði, Verkalýðsfélags Akraness, vélstjóradeild/sjómannadeild, kt. 680269-6889, Akranesi, Verkalýðs- og sjómannafélags Skagastrandar, kt. 490272-3219, Skagaströnd, Verkamannafélagsins Fram, kt. 560169-1169, Sauðárkróki, Sjómannafélags Eyjafjarðar, kt. 570269-0899, Akureyri, Verkalýðsfélagsins Vöku, kt. 670269-5669, Siglufirði, Verkalýðsfélags Húsavíkur, kt. 680269-7349, Húsavík, Verkalýðsfélags Raufarhafnar, kt. 680269-5999, Raufarhöfn, Verkalýðsfélagsins Árvakurs, deild kt. 490272-4029, Eskifirði, Verkalýðsfélags Norðfirðinga, kt. 490272-3649, Neskaupsstað, Verkalýðsfélags Vopnafjarðar, sjómannadeild kt. 490272-3569, Vopnafirði, Verkalýðsfélagsins Jökuls, kt. 490272-5189, Höfn Hornafirði, Sjómannafélagsins Jötuns, kt. 670169-2439, Vestmannaeyjum, Verkalýðsfélagsins Bárunnar, kt. 540775-0289, Eyrarbakka, Verkalýðsfélagsins Boðans, kt. 620485-0399, Þorlákshöfn, Verkalýðsfélags Gerðahrepps, kt. 490272-3489, Garði, Sjómann- og vélstjórufélags Grindavíkur, kt. 581078-0139, Grindavík, Verkalýðsfé-

lags Keflavíkur, sjómannadeild kt. 680269-5729, Keflavík, Matsveinafélags Íslands, kt. 690975-4839, Verkalýðs- og sjómannafélags Stöðvarfjarðar, kt. 490272-2679, Stöðvarfirði, Sjómannafélags Ólafsfjarðar, kt. 610183-0269, Ólafsfirði, Verkalýðsfélags Fáskrúðsfjarðar, kt. 490272-2919, Fáskrúðsfirði, Verkalýðsfélagsins Þórs, kt. 460172-2259, Selfossi, Verkalýðs- og sjómannafélags Djúpavogs, kt. 490272-2759, Djúpavogi, Verkalýðsfélags Breiðdalsvíkur, kt. 490272-3139, Breiðdalsvík, Verkalýðsfélags Reyðarfjarðar, kt. 490272-2089, Verkalýðsfélagsins Jökuls, kt. 500387-2549, Ólafsvík, Verkalýðsfélagsins Aftureldingar, kt. 690975-0929, Hellissandi, Verkalýðsfélags Stykkishólms, kt. 490272-2839, Stykkishólmi.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að vinnustöðvun stefnda á fiskiskipum stefnanda, sem koma á til framkvæmda á tímabilinu frá miðnætti 1. janúar til og með 5. janúar 1994, verði dæmd ólögmat.
2. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þær, að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda og stefnda dæmdur málskostnaður að mati dómsins og að tekið verði tillit til virðisaukaskatts af lögmannsþjónustu í þeim málskostnaði.

Mál þetta var þingfest hinn 22. desember sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 29. desember sl.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að flestir kjarasamningar sjómannafélaga innan Sjómannasambands Íslands við Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna hafi orðið lausir þann 1. febrúar 1993. Sjómannasambandið hafi lagt fram kröfugerð í byrjun febrúar 1993. Þann 5. febrúar hafi verið haldinn fundur fulltrúa Sjómannasambands Íslands og LÍÚ. Engin niðurstaða hafi fengist á þeim fundi og seinni fundum aðila, og hafi LÍÚ þá ákveðið á stjórnarfundi þann 18. febrúar 1993 að vísa kröfugerð Sjómannasambandsins til VSÍ. Viðbrögð Sjómannasambandsins við þessu hafi verið þau að vísa deilunni til ríkissáttasemjara með bréfi, dags. 22. febrúar 1993. Haldnir hafi verið samningafundir deiluaðila hjá sáttasemjara seinni hluta febrúar og í byrjun mars, en án árangurs.

Á fundi formanna aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands þann

2. apríl 1993 hafi síðan verið samþykkt að fresta öllum frekari viðræðum við VSÍ og LÍÚ uns framvinda efnahagsmála myndi skýrast og hafi stefnanda verið tilkynnt þetta með bréfi 5. apríl sl.

Þann 21. maí 1993 hafi VSÍ og ASÍ skrifað undir kjarasamning, sem gilda eigi til ársloka 1994, án kauphækkana, fyrir hönd aðildarfélaganna sinna og einstakra félagsmanna. Forystumenn Sjómannasambands Íslands hafi hins vegar neitað að skrifa undir þennan samning með vísan til þess að samninganefnd þeirra hafi verið leyst upp þann 2. apríl sl.

Í stað þess að ganga til viðræðna við stefnanda hafi forystumenn samtaka sjómanna sameiginlega, þ.e. bæði yfirmenn og undirmenn, þ.m.t. stefndi, skipulagt og haldið fundi um land allt. Á fundum þessum hafi verið blásið í herlúðra og vinnustöðvunum hótað vegna svokallaðs kvótabraskis ótilgreindra félagsmanna stefnanda, auk ásakana um meint samningsbrot félagsmanna stefnanda. Hafi fjölmiðlar flutt landsmönnum ítarlegar fregnir af fundaherferðinni, sem staðið hafi yfir frá því í október sl. og fram í desember.

Föstudaginn 10. desember sl. hafi forystumenn samtaka sjómanna, þ.m.t. stefnda, komið í höfuðstöðvar VSÍ og LÍÚ í fylgd fréttamanna og athent framkvæmdastjóra VSÍ og skrifstofustjóra LÍÚ verkfallsboðun, sem koma eigi til framkvæmda kl. 24:00 þann 1. janúar 1994. Fáein félög hafi sent tilkynningu um vinnustöðvanir þann 14. desember sl., sem koma muni til framkvæmda á tímabilinu frá 3. - 5. janúar 1994. Komi verkfallið til framkvæmda muni það valda stöðvun á nánast öllum fiskiskipafлотanum og af því muni leiða rekstrarstöðvun fiskvinnslunnar alls staðar nema á Vestfjörðum, en sjómenn þar taka ekki þátt í þessum aðgerðum. Í kjölfarið muni fylgja atvinnubrestur fiskvinnslufólks um nær allt land.

Fyrsti samningafundur aðila eftir hið langa hlé hafi verið haldinn hjá sáttasemjara þann 13. desember sl., þar sem ástæður verkfallsboðunarinnar hafi verið kynntar fyrir stefnanda og ríkissáttasemjara. Á þeim fundi hafi komið skýrt fram af hálfu samtaka sjómanna að ástæða verkfallsboðunarinnar væri sú að stuðla að lagasetningu til að tryggja gildi kjarasamninga þeirra. Engar formlegar viðræður hafi þá átt sér stað milli samningsaðila frá því í mars 1993.

Stefnandi hafi á fundi samningsaðila hjá ríkissáttasemjara þann 16. desember sl. mótmælt lögmati framangreindrar verkfallsboðun-

ar og áskilið sér allan rétt til að kanna lögmati hennar fyrir dómstólum.

Viðbrögð stefnda við þessari fyrirætlun hafi komið fram í sameiginlegri fréttatilkynningu til fjölmiðla þann 17. desember sl. frá samtökum sjómanna. Þar hafi verið tilkynnt að samtökin myndu hafa allan fyrirvara um framhald viðræðna við stefnanda, ef hann legði málið fyrir Félagsdóm.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 1. og 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga, byggir hann kröfugerð sína á því, að verkfallsboðun stefnda sé brot á II. kafla laga nr. 80/1938 og fari í bága við ákvæði síðast gildandi kjarasamnings aðila og sé andstæð eðlilegum starfsháttum á þessu kjaramálasviði og sé því ólögmat.

Stefnandi telur að í 14. g. laga nr. 80/1938 séu taldar þær aðferðir og ástæður, sem til greina geta komið og réttlætt geta ákvörðun um vinnustöðvun. Í greininni segir að stéttarfélögum sé heimilt að gera verkföll í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til verndar rétti sínum samkvæmt lögunum. Þessi verkfallsheimild byggir á þeirri grundvallarforsendu að vinnustöðvun miði að því að ljúka kjaradeilu með gerð kjarasamnings. Því þurfi kröfur aðila að liggja ljósar fyrir og vera á þann veg að viðsemjandi eigi þess kost að ganga að þeim.

Stefnandi bendir á þá staðreynd, að þann 26. apríl 1992 hafi aðilar samið um það sín á milli í kjarasamningum, að sameiginleg kvótakaup útgerðar og áhafnar væru óheimil. Aðilar hafi því þegar samið um bann við sameiginlegum kvótakaupum, auk þess sem stefndi, sem og hin sjómannasamtökin hafi marglýst því yfir í yfirstandandi kjarasamningsviðræðum, að frekari samningsákvæði milli aðila um bann við sameiginlegum kvótakaupum séu þýðingarlaus, þar sem gildandi ákvæði haldi ekki, þótt það sé skýrlega orðað.

Af þessu sé fullljóst og hafi stefndi ekki dregið dul á það, að kröfur stefnda um bann við sameiginlegum kvótakaupum, „kvóta-braski“, beinist alfarið að stjórnvöldum. Tilgangur verkfallsboðunarinnar sé því sá, að þrýsta á stjórnvöld um að þau beiti sér fyrir breytingum á lögum um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, þannig að heimild til framsals aflaheimilda verði felld niður eða takmörkuð

verulega, þannig að hægt verði að koma í veg fyrir allt „kvóta-brask.“

Kröfur stefnda lúti þannig að atriðum, sem ekki séu á færi stefnanda að verða við. Vinnustöðvunin sé því ekki boðuð til að vinna að framgangi krafna um kaup og kjör félagsmanna stefnda til endurnýjunar kjarasamnings, eins og 14. gr. laganna heimilar, heldur sé markmið hennar að reyna að þvinga fram þær breytingar á gildandi lögum, sem séu stefnda að skapi. Megintilgangur verkfallsboðunarinnar hafi þannig ekkert með samningsákvæði að gera, enda séu samningsákvæði, sem banni kvótakaup sjómanna nú þegar í samningi aðila. Stefndi haldi nú hins vegar öðru fram, eins og ljóst sé af fréttatilkynningu stefnda frá 17. desember sl. Þessi ákvörðunarástæða stefnda fyrir verkfallsboðuninni kom fram í fjölmörgum viðtölum við forystumenn stefnda á sl. mánuðum. Þessi tilgangur stefnda hafi síðan verið sérstaklega bókaður á fundi sáttasemjara þann 15. desember sl. með stefnanda. Sameiginleg bókun sjómanna-samtakanna frá 16. desember sl. breyti engu í þessu efni, enda verði þau orð og athafnir, sem lágu til grundvallar verkfallsboðun stefnda í upphafi, ekki tekin aftur. Augljóst sé að stefndi hafi áttað sig á ólögmati athafna sinna, eins og fyrrgreind bókun frá 16. desember og fréttatilkynning frá 17. desember sýni best.

Samkvæmt l. tl. 17. gr. laga nr. 80/1938 sé óheimilt að hefja vinnustöðvun ef ágreiningur sé einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um nema til fullnægingar úrskurðum hans. Í 2. tl. séu á sama hátt þær vinnustöðvanir lýstar ólögmetar, sem hafi það markmið að þrýsta á stjórnvöld til að framkvæma athafnir eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt sé skylt eða óskylt að framkvæma. Af þeim gögnum og yfirlýsingum, sem forráðamenn stefnda hafi gefið, megi ljóst vera að stefndi vilji að stjórnvöld beiti sér fyrir þeim breytingum á kvótakerfinu og fiskveiðistjórnun, sem séu þeim að skapi. Kröfum stefnda sé því í rauninni beint gegn röngum aðila og stefnanda sé ómögulegt og óleyfilegt að verða við þeim. Kröfur stefnda lúti einnig að því að gildandi kjarasamningar aðila séu haldnir. Þessi krafa verði fráleitt knúin fram með verkfalli, enda sé þá vandséð hvaða tilgangi kjarasamningur þjóni. Þessi krafa falli afdráttarlaust undir lögsögu Félagsdóms og sé stefnda óheimilt að hefja og réttlæta vinnustöðvun

vegna meintra samningsbrota félagsmanna stefnanda, eins og hann hafi ítrekað tilkynnt.

17. gr. laga nr. 80/1938 hafi verið til þess sett að vernda stjórnskipun ríkisins. Tilgangur greinarinnar sé að tryggja það, að Alþingi geti unnið í friði að lagasetningu og framkvæmdavaldið, sem hafi það hlutverk að framkvæma lagafyrirmæli í stjórnarframkvæmd, sinni því verki. Beinn eða óbeinn þrýstingur á lögmæt stjórnvöld með verkfallsboðun, eins og stefndi hafi skipulagt, sé því ólögmæt.

Það sé óheimilt og utan samningssviðs aðila að reyna að knýja á um það með verkfallsboðun að framkvæmdavald og löggjafarvald setji lög um ákveðið efni, sem landsréttur nái þegar yfir. Stéttarfélagi sé heimilt að vinna að framgangi kjaramála og hagsmunamála á vinnuréttarsviði fyrir hönd félagsmanna sinna, en því sé ekki heimilt að þvinga stjórnvöld og fyrirtæki til aðgerða og samninga, sem ekki séu í samræmi við gildandi lög. Framsal og sala á óveiddum kvóta, sem útgerðarmönnum hafi verið úthlutað á skip sín sé stefnda mikill þyrnir í augum. Slíkt framsal sé þó eitt grundvallaratriði fiskveiðistjórnunar samkvæmt gildandi lögum. Sala veiðiheimilda brjóti því á engan hátt gegn lögum heldur sé beinlínis gert ráð fyrir henni. Kjarakröfur sem hafi það að markmiði að breyta gildandi lögum sé óheimilt að knýja fram með verkfalli gagnvart stefnanda. Þegar af þeirri ástæðu uppfylli stefndi ekki skilyrði 14., 15. og 17. gr. laga nr. 80/1938 og séu boðaðar aðgerðir því ólögmæt vinnustöðvun.

Í II. kafla laga nr. 80/1938 felist ströng skilyrði fyrir beitingu verkfallsvopnsins, en með því hafi löggjafinn viljað hindra misnotkun verkfallsréttarins gagnvart lögmætum stjórnvöldum og tryggja vandaða og lögmæta ákvörðunartöku.

Þá er áskilinn réttur til að krefja um skaðabætur í sérstöku máli vegna þess tjóns sem kann að hljótask af hinni ólögmætu verkfallsboðun.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi segir málavexti vera þá að flestir kjarasamningar milli málsaðila, þ.e. Sjómannasambands Íslands við LÍÚ, hafi orðið lausir hinn 1. febrúar 1993. Hinn 5. febrúar hafi stefndi lagt fram kröfugerð í fjórum liðum. Fyrsti liður hafi verið krafa um skýr ákvæði í kjarasamninga varðandi samskipti útvegsmanna og sjómanna um ráðstöfun aflans og það fiskverð sem greitt sé til sjómanna. Önnur

krafa hafi verið um olúverð. Þriðja krafa hafi verið um samninga fyrir ýmsar veiðigreinar sem ekki hafi verið í kjarasamningi, en með þeirri kröfu hafi verið lagt fram vinnuþlagg með 12 atriðum. Þann 5. febrúar sl. hafi verið haldinn fundur málsaðila um umræddar kröfur. Engin niðurstaða hafi fengist á þeim fundi og seinni fundum aðila og hafi þá stefndi vísað þessari deilu til ríkissáttasemjara með bréfi og kjarakröfum. Haldnir hafi verið samningafundir deiluaðila hjá sáttasemjara seinni hluta febrúar og í byrjun mars og maí, en án árangurs.

Á fundi formanna aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands þann 2. apríl 1993 hafi verið samþykkt að fresta öllum viðræðum um gerð nýrra kjarasamninga fyrir fiskimenn um óákveðinn tíma, enda sé ljóst að vilji félagsmanna standi til þess að bíða með átök þar til framvinda efnahagsmála skýrist. Ákvörðun þessi hafi verið tilkynnt Alþýðusambandi Íslands þannig að ljóst væri að Sjómannasamband Íslands yrði ekki í samfloti ASÍ við samningagerðina vegna almennra kjarasamninga landverkafólks. ASÍ mun hafa tilkynnt VSÍ ákvörðun Sjómannasambandsins og engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu VSÍ vegna þeirrar ákvörðunar stefnda.

Fulltrúar SSÍ hafi verið boðaðir til fundar hjá ríkissáttasemjara þann 19. maí sl. að beiðni VSÍ og LÍÚ. Vinnuveitendur hafi þar óskað eftir því að SSÍ yrði aðili að væntanlegum heildarkjarasamningum ASÍ en þeirri málaleitan hafi verið hafnað. Sömu aðilar hafi enn verið kvaddir á fund sáttasemjara að beiðni VSÍ að kvöldi hins 20. maí og hafi sömu beiðni VSÍ þá verið hafnað aftur. Næst hafi verið haldinn sáttafundur hjá ríkissáttasemjara hinn 26. maí 1993. Á þeim fundi hafi fulltrúi SSÍ tilkynnt að sjómenn væru reiðubúnir til samningagerðar, en þá yrði 1. kröfuliður þeirra að vera ræddur fyrst og niðurstaða að fást áður en haldið yrði áfram við kröfulið 3. Þá yrði Farmanna- og fiskimannasambandið að koma til samninga samhliða varðandi 1. kröfuliðinn, enda hefði SSÍ og FFSÍ gefið út sameiginlega yfirlýsingu varðandi skýrslu tvíhöfðanefndar. Á þessum fundi hafi samninganefndir aðila verið sammála um að tilgangslaust væri að halda fundi á næstunni. Ákveðið hafi verið að ríkissáttasemjari boðaði ekki til fundar fyrr en annar hvor samningsaðila eða báðir óskuðu eftir því. Af þessum fundi sé hins vegar ljóst að meginkrafa sjómanna hafi verið sú að tryggja með ítarlegri ákvæðum um fiskverð að sjómenn yrðu ekki hlunnfarnir og nauðugir látnir taka þátt

í kaupum á óveiddum fiski, enda löngu orðið ljóst að yfirlýsingin frá 24. apríl 1992 hafi verið haldlaus gagnvart útgerðarmönnum og þverbrotin víðast hvar með vitund og vilja forsvarsmanna stefnanda.

Það sé því rangt sem segir í stefnu að engar formlegar viðræður hafi átt sér stað milli samningsaðila frá því í mars 1993.

Á áttunda fundi framkvæmdastjórnar SSÍ hinn 24. maí sl. komi fram að þátttaka sjómanna í kvótakaupum útgerða yrði sett á oddinn í komandi kjaraviðræðum.

Í samræmi við niðurstöðu fundarins hjá ríkissáttasemjara hinn 26. maí sl. hafi ekki orðið frekari samningaviðræður að sinni. Hinn 15. október 1993 hafi fundur formanna aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands samþykkt ályktun um kjaramál. Þar segir, að brýnt sé orðið að ljúka gerð kjarasamninga fyrir veiðigreinar sem engir kjarasamningar séu til fyrir, auk þess sem nauðsynlegt sé að endurskoða ýmis réttindamál sjómanna. Í stað þess að sýna vilja til að leysa kjaramál við sjómenn hafi færst í vöxt að útgerðarmenn brjóti kjarasamninga á sjómönnum m.a. með því að þvinga þá til þátttöku í kvótakaupum útgerðarinnar. Í mörgum tilfellum hafi útgerðir lækkað laun sjómanna í skjóli kvótakaupa. Slík framkoma verði ekki liðin lengur og virðist eina leiðin til lausnar málum sjómanna vera að beita útgerðarmenn þrýstingi.

Öllum aðildarfélögum SSÍ hafi verið send bréf varðandi stöðu mála og bent á þá staðreynd að viðræður við útvegsmenn fari ekki af stað fyrr en verkfallsvopninu verði veifað. Eins og fram komi í fundargerð framkvæmdastjórnar og samninganefndar SSÍ hinn 10. desember sl. hafi verið samþykkt að boða vinnustöðvun kl. 24 þann 1. janúar 1994 og greint frá því að öflun verkfallsheimildar hefði verið nauðsynleg til þess að efla samstöðu meðal sjómanna til að mögulegt væri að ljúka kjarasamningum og koma í veg fyrir að sjómenn tækju þátt í kvótakaupum útgerðarinnar. Verkfallsboðunin hafi í öllum tilfellum verið send Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. umbjóðenda sinna þar sem ekki hafi tekist kjarasamningar fyrir sjómenn á fiskiskipum. Verkfallsboðunin sé því almenn og nái til allra viðsemjenda stefnda.

Fyrsti samningafundur aðila hafi verið haldinn hjá sáttasemjara þann 13. desember 1993. Þar hafi komið fram af hálfu fulltrúa stefnda að grundvallaratriði til lausnar deilunni væri að tekið yrði

með öllu fyrir þátttöku sjómanna í kvótakaupum í samræmi við gildandi kjarasamninga og yfirlýsingu með kjarasamningi frá 26. apríl 1992, en misbrestur hafi orðið á því að við þetta væri staðið. Ennfremur yrði að fá lausn á frágangi samninga vegna nýrra veiðigreina. Fulltrúar sjómanna hafi talið á þessum fundi að ekki væri hægt að tryggja framgang áður nefndrar yfirlýsingar um kvótakaup á annan veg en með lagasetningu og inntu viðsemjendur sína eftir því hvort þeir væru ásamt sjómönnum reiðubúnir til þess að beita sér fyrir slíkri lausn við stjórnvöld. Eins og vitað sé séu lög um stjórn fiskveiða nú til endurskoðunar hjá stjórnvöldum. Hin svokallaða tvíhöfðanefnd hafi skilað skýrslu sinni um málið sl. vor og hafi málið síðan verið til umfjöllunar í Þjóðfélaginu. Farið hafi verið fram á álit sjómannasamtakanna á niðurstöðum nefndarinnar og liggur það álit frammi í málinu. Afstaða stefndu til fyrirliggjandi frumvarpsdraga liggja og fyrir. Ekki hafi verið hlustað á óskir sjómannasamtakanna varðandi nýtt frumvarp til laga um stjórn fiskveiða. Þess vegna hafi sjómannasamtökin freistað þess á samningafundi málsaðila hinn 13. desember sl. að ná samkomulagi um sameiginlega tillögu til stjórnvalda um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða hvað þetta hreina kjaraatriði varðar. Ekki hafi verið vilji fyrir þessu hjá fulltrúum stefnanda og þess vegna ljóst að sjómannasamtökin yrðu að leggja allan þunga hvað þetta varðar á fyrirliggjandi kröfur samtakanna á 1. lið kröfugerðarinnar eins og alltaf hafði staðið til. Það sé því rangt sem segir í stefnu að á fundinum hinn 13. desember sl. hafi komið skýrt fram af hálfu samtaka sjómanna að ástæða verkfallsboðunarinnar væri sú að stuðla að lagasetningu til að tryggja gildi kjarasamninga þeirra. Bókunin beri greinilega með sér að grundvallaratriði til lausnar deilunnar sé að tekið verði með öllu fyrir þátttöku sjómanna í kvótakaupum í samræmi við gildandi kjarasamning og yfirlýsingu með kjarasamningi frá 26. apríl 1992. Staðreyndin sé sú að yfirlýsingin frá 26. apríl 1992 hafi reynst haldlaus. Hún sé ekki inni í sjálfum kjarasamningi málsaðila. Forsvarsmenn LÍÚ hafi hundsáð hana og barist gegn henni leynt og ljóst frá því hún var gerð, en þar að auki feli fyrirliggjandi frumvarp stjórnvalda í sér hættu á enn stórfelldara kvótabraski en nú sé. Í ljósi þess beri að skoða seinni málsgrein bókonar frá 13. desember sl., en alls ekki þannig að fallið sé frá kröfum á hendur útgerðarmönnum í þessu efni.

Í tillögu til lausnar á fiskverðsmálum (dskj. 11) sé þess vegna nánari útfærsla sjómannasamtakanna á kröfulið 1. Þar séu tengd saman ákvæði um fiskverð og kvótakaup, eins rammlega og hægt sé að gera í kjarasamningi. Afstaða stefnda komi ljóslega fram samkvæmt fréttatilkynningu frá 17. desember sl.

Frá því að verkfall var boðað og þar til 20. desember s.l. hafi fjórir fundir verið haldnir og þ.á m. ræddir sérsamningar stefnda vegna nýrra veiði- og verkunargreina þannig að ljóst sé að fram á síðustu stundu, eða þar til stefnandi hafi ákveðið að vísa lögmati verkfalls-boðunarinnar til Félagsdóms, hafi farið fram raunverulegar viðræður milli málsaðila um öll atriði í kröfugerð stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Allt frá því áhrifa laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða hafi tekið að gæta í þjóðfélaginu, hafi sjómannasamtökin reynt að koma í veg fyrir svokallað kvótabrask með þátttöku sjómanna í kvótakaupum. Þrátt fyrir ákvæði gr. 1.24. í kjarasamningi málsaðila frá 24. nóvember 1990, sem leggur þá skyldu á herðar útgerðarmanni að tryggja hæsta gangverð fyrir fiskinn og þrátt fyrir ákvæði 1. gr. 1. nr. 24/1986 um skiptaverðmæti, sem kveður á um að 75% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir aflann, skuli koma til hlutaskipta og þrátt fyrir gr. 1.36. í umræddum kjarasamningi, sem bannar útgerðarmanni og einstökum skipverjum eða skipshöfnum að semja í bága við kjarasamninginn og þar með hlutaskiptakjör, hafi hið frjálsa framsal veiðiheimilda samkvæmt lögum nr. 38/1990 leitt til þess að íslenskir sjómenn hafi í stórum stíl verið þvingaðir til þátttöku í kvótakaupum eða kvótaleigu útgerðarmanna með vitund og vilja forsvarsmanna þeirra. Kveði svo rammt að þessum viðskiptum að talið sé að hátt í þriggja milljarða verðmæti af óveiddum fiski í sjön-um gangi kaupum og sölum. Útgerðarmenn selji hver öðrum kvóta, fiskmarkaðir kaupi kvóta og dæmi séu um að fiskveiðikvóti sé kominn í hendur á útlendingum. Aflinn við Íslandsstrendur sé takmörkuð auðlind og gefi því auga leið að sá útgerðarmaður sem selji kvóta, verði að kaupa eða leigja kvóta í staðinn. Þannig hafi kerfið keðjuverkun. Hinir verr stæðu í hópi útgerðarmanna selji þeim sem betur standi kvótann og veiði þess í stað fyrir kaupandann á láns- og leigukjörum á kostnað sjómanna. Við uppgjör aflans sé verð kvótaleigunnar dregið frá heildaraflaverðmæti því sem komi til skipta og sjómenn þannig hlunnfarnir í stórum stíl.

Gegn þessu ástandi hafi sjómannasamtökin reynt að sporna. Í fyrsta lagi með ítarlegri og fyllri ákvæðum í kjarasamningum málsaðila, en í öðru lagi með þátttöku í nefndarstarfi og reynt þannig að hafa áhrif á fiskveiðistefnuna sjálfa.

Þrátt fyrir staðreyndir um kjarahlið málsins, sem sýni og sanni að krafa um fiskverð og kvótamál hafi verið aðalkjarakrafan frá því í febrúar sl., sé því nú haldið fram af stefnanda að hin raunverulega ástæða verkfallsins sé sú að knýja fram breytingu á lögum um fiskveiðistjórnun. Það sé rangt og því harðlega mótmælt. Engin vinnustöðvun eða þvingun hafi verið sett á stjórnvöld af þessum ástæðum. Hins vegar sé ljóst og fyrir því áratuga reynsla að málsaðilar þessarar deilu hefðu getað náð samkomulagi um að leita til stjórnvalda um lagabreytingu hvað þetta hreina kjaraatriði varðar. Slíkt samkomulag hefði hugsanlega getað leyst þennan hluta kjarakröfunnar, þ.e. 1. liðinn um fiskverð og kvótáþátttöku. Slíkt samkomulag málsaðila gæti einungis verið í formi sameiginlegra tilmæla til stjórnvalda, en alls ekki að löggjafinn sé þvingaður til eins eða neins og þess vegna ekki skilyrði út af fyrir sig að stjórnvöld fari að tilmælum sjómanna og útvegsmanna. Fyrir þessu hafi hins vegar ekki verið vilji hjá VSÍ.

Auk hinnar eiginlegu kjaradeilu við stefnanda, hafi samtök sjómanna tekið þátt í mótun fiskveiðistefnunnar sjálfrar með þátttöku í nefndarstarfi og sem umsagnaraðilar um frumvörp. Sé engin launung á því að sjómannasamtökin hafi barist þar gegn frjálsum framsali kvóta, sem hafi aftur leitt af sér þær kjaraskerðingar sem útgerðarmenn beiti nú gegn sjómönnum.

Sjómannasamtökin hafi, samhliða hinni eiginlegu kjarabaráttu gegn stefnanda þessa máls, staðið í stríði út af sjálfri sjávarútvegstefnunni. Fyrir liggur afstaða sjómannasamtakanna til tillögu „tvíhöfðanefndarinnar“ og sameiginleg tillaga sjómannasamtakanna til sjávarútvegsráðherra um breytingu á kvótalögum vegna þess frumvarps sem nú liggur fyrir til athugunar hjá öllum hagsmunaaðilum í sjávarútvegi.

Grundvallaratriðið í afstöðu sjómannasamtakanna sé veruleg takmörkun á framsali varanlegs kvóta.

Eins og kunnugt sé hafi flestar kjaradeilur á undanförunum áratugum leyst með eins konar þríhliða samkomulagi, þ.e. milli deiluaðila á vinnumarkaði og með samkomulagi við framkvæmdavald og

löggjafarvald. Hvað íslenska sjómenn varðar sé ljóst, að engin starfsstétt í landinu sé eins háð löggjafarvaldinu um kjör. Verulegur hluti starfskjara sjómanna fari eftir sjómannaalögum nr. 35/1985, t.d. slysa- og veikindaréttur, sbr. gr. 1.19. í kjarasamningi. Um skiptaverð aflans fari eftir l. nr. 24/1986, sbr. gr. 1.24. í kjarasamningi. Um líf- og örorkutryggingar sjómanna fari eftir siglingalögum nr. 34/1985, sbr. gr. 1.20 í kjarasamningi, og svo mætti lengi telja. Sjómannafrádráttur sé í skattalögum og kjaraatriði í lögum um greiðslumiðlun. Það hafi því verið hlutskipti sjómannastéttarinnar öðrum fremur að taka þátt í undirbúningi lagasetningar með nefndastörfum og með því að beita áhrifum sínum gagnvart stjórnvöldum og löggjafarvaldinu. Í ljósi þessa verði að skoða dskj. nr. 13 til og með 41, dskj. nr. 43, dskj. nr. 45, sem öllum er mótmælt sem óstaðfestum og röngum að ýmsu leyti. Þar sé um að ræða túlkanir blaðamanna á atburðum síðustu mánaða, ónákvæmar endursagnir af fundum sjómannasamtakanna, þar sem bæði voru til umfjöllunar kjaramálin og svo fiskveiðistefnan. Sjávarútvegsráðherra hafi lýst sig reiðubúinn til að aðstoða við lausn kjaradeilunnar með lagasetningu ef menn væru með eitthvað tilbúið. Það gefi auga leið að sjávarútvegsráðherra beiti sér ekki fyrir lagasetningu til þess að liðka fyrir kjarasamningum nema deiluaðilar séu sammála. Í því ljósi beri að skoða málaleitan sjómannasamtakanna hvað varðar lagasetningu. Á það er einnig bent að Sjómannasamband Íslands fari með samningsumboð og umboð til verkfallsboðunar f.h. aðildarfélaga sinna sem eru um fjörutíu talsins. Sjómannasambandið sé því framkvæmdaaðili í málinu. Það séu hins vegar aðildarfélögin sjálf sem taki ákvörðun um hvort farið skuli í verkfall. Aðildarfélögin taki sínar ákvarðanir á grundvelli kjarasamninga og kjarakrafna þeirra sem fyrir liggja. Þau verði ekki gerð ábyrg þótt forystumenn Sjómannasambands Íslands sem sjá eiga um framkvæmd málsins tali um lagasetningar í sömu andránni og hina eiginlegu kjaradeilu. Tilvitnanir í ummæli forystumanna Sjómannasambands Íslands og annarra forystumanna sjómannasamtakanna hafi því enga þýðingu varðandi úrlausn þessa máls. Að lokum er á það bent að umdeilt verkfall hafi verið boðað hinn 10. desember sl., en mál þetta ekki þingfest fyrr en 22. desember sl. Hinn sérstaklega langi þriggja vikna boðunarfrestur verkfalla sjómanna hafi verið nýttur að töluverðu leyti til að undirbúa málsókn þessa af hálfu stefnanda og þar með að tína úr fjölmiðlum yfir

þrjátíu tilvitnanir sem henti til sóknar málsins, en varnarmegin sé af hálfu dómsins úrskurðaður svo skammur frestur að ekki séu nokkur tók á því að kempa fjölmiðla með sama hætti. Jafnræði sé því ekki með málsaðilum.

Heimildir til boðunar verkfalla séu ekki flóknar að íslenskum lögum. Samkvæmt 14. gr. 1. 80/1938 er stéttarfélagum heimilt að gera verkföll í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til verndar rétti sínum samkvæmt lögum þessum með þeim skilyrðum og takmörkunum einum sem sett eru í lögum.

Takmarkanir vinnulöggjafarinnar sjálfrar er að finna í 17. gr. laganna. Verkfallsheimildir samkvæmt greininni séu aðallega með þrennum hætti. Samkvæmt 3. tl. 17. gr. sé með gagnályktun ljóst að samúðarverkföll séu heimil með lögmætum verkföllum.

Með gagnályktun af 2. tl. 17. greinarinnar hafi verið litið svo á að verkfalli megi beita gegn stjórnvöldum til að knýja þau til að fara að lögum. Eitt dæmi sé til um slíka vinnustöðvun. Á árinu 1975 sigldi gjörvallur fiskveiðiflotinn í land til þess að knýja stjórnvöld til að ákveða opinbert fiskverð. Samkvæmt lögum og reglugerð átti fiskverð að liggja fyrir um áramót, en ákvörðunin dróst hins vegar hátt í tvo mánuði.

Í þriðja lagi sé með gagnályktun af 1. tl. 17. gr. fengin reglan um svokallaða friðarskyldu með samanburði við 44. gr. laganna. Friðarskyldan byggist á því að verkföllum megi því aðeins beita að kjarasamningar séu lausir. Í 15. og 16. gr. laganna séu auk þess ákvæði sem lúti að ákvörðuninni um verkfall og um tilkynningu til ríkissáttasemjara.

Það sé ljóst að umdeilt verkfall sjómanna nú uppfyllir öll lagaskilyrði. Aðildarfélag innan Sjómannasambands Íslands hafi ekki boðað vinnustöðvun gegn stjórnvöldum á grundvelli 2. tl. 17. gr. vinnulöggjafarinnar. Það sé ljóst að kjarasamningar málsaðila séu lausir og friðarskyldan því ekki því til fyrirstöðu að boða megi verkfall, sbr. 1. tl. 17. gr. Í málinu sé enginn ágreiningur um að verkfallið hafi verið boðað innan tilskilins frests og að kröfugerð hafi verið beint til ríkissáttasemjara með lögmætum hætti, sbr. 16. gr. laganna. Enginn ágreiningur sé um hvort ákvörðun um verkfall hafi verið tekin með réttum hætti, sbr. 15. gr. laganna. Einasta haldreipi stefnanda í þessu máli sé að kröfur stefndu í málinu séu ekki kjarakröfur í eiginlegum skilningi samkvæmt 14. gr. vinnulöggjafarinnar. Þessi sér-

kennilega málsástæða stefnanda sé annars vegar byggð á blaðafregnum um forystumenn Sjómannasambandsins, en þeir komi auðvitað hvergi nálægt ákvarðanatöku aðildarfélaganna um verkföll. Hins vegar byggir stefnandi á bókun hjá ríkissáttasemjara hinn 13. desember 1993. Sú bókun sé gerð þrem dögum eftir verkfallsboðun og hafi þar af leiðandi enga þýðingu í máli þessu og hafi fráleitt verið ákvörðunarástæða aðildarféлага Sjómannasambandsins fyrir komandi verkfalli. Svo kynlega bregði við að á sama tíma sem stefnandi byggir á bókun frá 13. desember sl. hafni hann bókun sjómannasamtakanna frá 16. desember sl. með sömu rökum sem eiga vissulega við um báðar bókanirnar, að þau orð og athafnir sem lágu til grundvallar verkfallsboðun stefnda skipti aðeins máli.

Allar kröfur stefnda í yfirstandandi kjaradeilu séu kjarakröfur og hafi legið fyrir frá 5. febrúar sl. Mestur þungi sé á 1. kröfulið um ráðstöfun aflans, fiskverð og þátttöku sjómanna í kvótakaupum. Hvað sem segja megi um sjálfa fiskveiðistefnuna og afstöðu sjómannasamtakanna til hennar sé ljóst að útgerðarmenn virði að vettugi yfirlýsinguna frá 26. apríl 1992 bæði í orði og verki. Nýtt og endurbætt ákvæði um fiskverð og kvótakaup eigi því erindi inn í væntanlegan kjarasamning. Ljóst sé að krafa 1 um fiskverð og kvótakaup útgerðarmanna yrði sett á oddinn í komandi viðræðum við útgerðarmenn. Í samningaviðræðum eftir að verkfall hafi verið boðað hafi krafa þessi verið útfærð nánar eins og dskj. nr. 11 beri með sér. Verkfall stefnda sé því löglegt.

Niðurstaða.

Flestir kjarasamningar sjómannafélaga innan Sjómannasambands Íslands við Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna urðu lausir þann 1. febrúar 1993. Á fundi fulltrúa Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna hinn 5. febrúar 1993 setti SSÍ fram eftirtaldir kröfur sem umræðugrundvöll við gerð nýrra kjarasamninga:

- „1. Skýr ákvæði verði í kjarasamningi varðandi samskipti útvegsmanna og sjómanna um ráðstöfun aflans og það fiskverð sem greitt er til sjómanna.
2. Endurskoðun á olíuverðsviðmiðun kjarasamninganna.
3. Lokið verði við gerð samninga fyrir veiðigreinar sem ekki er til samningur fyrir.

4. Lagfæringar verði gerðar á orðalagi einstakra greina samningsins til að gera hann skýrari.“

Sjómannasamband Íslands áskildi sér rétt til að bæta við og breyta framangreindum atriðum, ef tilefni gæfist til.

Af hálfu LÍÚ var tekin sú ákvörðun hinn 18. febrúar 1993 að vísa kröfugerð SSÍ til VSÍ. Af hálfu samninganefndar SSÍ var málinu síðan vísað til ríkissáttasemjara með bréfi dags. 22. febrúar 1993 og fylgdi því bréfi framangreind kröfugerð ásamt nánari útfærslu á 3. tl. hennar. Af hálfu LÍÚ voru settar fram kröfur um breytingar í fimm liðum á kjarasamningum aðila.

Samningafundir deiluaðila voru haldnir hjá ríkissáttasemjara seinni hluta febrúar og í byrjun mars 1993, en þeir báru ekki árangur. Á fundi formanna aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands þann 2. apríl 1993 var samþykkt að fresta öllum viðræðum um gerð nýrra kjarasamninga fyrir fiskimenn um óákveðinn tíma og það tilkynnt VSÍ með bréfi dags. 5. apríl 1993.

Á fundum hjá ríkissáttasemjara 19. og 20. maí 1993 var þess óskað af hálfu vinnuveitenda að Sjómannasambandið yrði aðili að væntanlegum heildarkjarasamningum við ASÍ. Því var hafnað af hálfu Sjómannasambands Íslands, en kjarasamningur milli VSÍ og ASÍ var undirritaður hinn 21. maí 1993.

Á sameiginlegum fundi ríkissáttasemjara með samninganefndum SSÍ, FFSÍ, VSFÍ og VSÍ hinn 26. maí 1993 voru kröfur sjómanna ræddar án þess að niðurstaða fengist um þær.

Á fundi formanna aðildarfélaga SSÍ, sem haldinn var 15. október 1993, var samþykkt að beina því til aðildarfélaganna að þau öfluðu sér verkfallsheimilda. Með bréfi SSÍ til aðildarfélaganna, dags. 29. nóvember 1993, var farið fram á það að aðildarfélögin veittu Sjómannasambandi Íslands umboð til verkfallsboðunar.

Á fundi framkvæmdastjórnar og samninganefndar SSÍ hinn 10. desember 1993 var ákveðið að boða til vinnustöðvunar f.h. tilgreindra aðildarfélaga SSÍ frá og með þeim degi að telja þannig að vinnustöðvunin kæmi til framkvæmda frá kl. 24:00 þann 1. janúar 1994. Tilkynning þessi um vinnustöðvun var athent fulltrúum VSÍ og LÍÚ samdægurs. Fáein félög tilkynntu um vinnustöðvanir þann 14. desember 1993, sem koma eiga til framkvæmda á tímabilinu frá 3.–5. janúar 1994.

Í öllum framangreindum tilkynningum er tekið fram að ástæða

fyrir hinum boðuðu vinnustöðvunum sé sú að kjarasamningar hafi ekki tekist.

Framangreindar kröfur Sjómannasambands Íslands eru kjara-kröfur, sem heimilt er að framfylgja með verkfalli samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938. Það breytir engu í þessu efni þótt sjómenn og samtök þeirra hafi með fundasamþykktum og yfirlýsingum í fjölmiðlum reynt að hafa áhrif á stjórnvöld og löggjafarvald að því er tekur til endurskoðunar laga um stjórn fiskveiða, en löggjöf þessi varðar meðal annars þýðingarmikla hagsmuni sjómannastéttarinnar.

Samkvæmt framansögðu, og með vísan til þess að ágreiningslaust er að vinnustöðvun stefnda hafi verið tilkynnt og að henni staðið með formlega réttum hætti, verður talið að boðuð vinnustöðvun stefnda sé lögmæt. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000,-. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna tilgreindra aðildarfélaganna þess, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Landsambands íslenskra útvegsmanna, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 100.000,- í málskostnað.
